

1504489 - Stofnun grunnskóla

Minnisblað 24.06.2016 - Svar við fyrirspurn.

Á fundi bæjarráðs 14.06.2016 óskuðu fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna eftir svari við eftirfarandi fyrirspurn:

*Hvernig var staðið að undirbúningi að gerð þjónustusamnings við þriðja aðila um framkvæmd umræddrar þjónustu fyrir hönd sveitarfélagsins og hvernig voru skilyrði laga um opinber innkaup uppfyllt, m.a. um jafnræði og tækniforskrift?*

*Tilkynnti Hafnarfjarðarbæjar tímanlega og með formlegum hætti um hvaða þjónustu sveitarfélagið vildi kaupa af þriðja aðila, sbr. ákvæði laga um opinber innkaup, jafnvel þó svo að ekki hafi verið um að ræða eiginlegt útboðsferli? Hvar var sú tilkynning sett fram, hvenær og hvert var innihald hennar með tilliti til þeirra skilyrða og viðmiða sem horft var til við mat og ákvörðun um samstarfsaðila og ætlast er til að opinberir aðilar upplýsi um áður en slíkir samningar eru gerðir?*

*Þrátt fyrir að fella meggi gerð þjónustusamnings um rekstur skóla undir undanþágukvæði laga um opinber innkaup og ekki sé gerð ófrávíkjanleg krafa um að útboð sé viðhaft, kom ekki til greina að viðhafa engu að síður slíkt ferli?*

*Í ljósi þess að ekkert eiginlegt innkaupaferli virðist hafa átt sér stað fyrir gerð umrædds þjónustusamnings, telur bæjarstjóri það eðlileg og jafnvel ákjósanleg vinnubrögð við gerð samninga af þessu tagi sem fjalla um viðskipti upp á tugi og jafnvel hundruða milljóna króna og umtalsverða hagsmuni væntanlegra þjónustunotenda að semja við aðila eingöngu á grundvelli innsendra erinda frá óstofnuðu hlutafélagi, jafnvel þó svo að viðkomandi aðilar hafa aldrei komið að slíkum rekstri áður?*

Undirbúningur að gerð þjónustusamnings var unninn af sviðsstjóra fræðslu- og frístundaþjónustu í samvinnu við starfsmenn sviðsins. Lög og reglugerðir um slíka samninga og tilskilin leyfi voru höfð til hliðsjónar, sem og aðrir þjónustusamningar sem bæjarfélagið hefur gert við sjálfstætt rekna skóla.

Við gerð þjónustusamningsins var fyrst og fremst hugað því að þar kæmu fram þau atriði er varða áherslur í starfsemi skólans, mat og eftirlit með gæðum, fjárhagsleg samskipti og atriði sem varða gildi samnings, þar á meðal um reynslutíma, gjaldtöku, skráningu og jafnan rétt. Þá var tekin afstaða til þess hvort rekstraraðili hafi heimild til gjaldtöku af foreldrum. Enn fremur var hugað að fyrirkomulagi sérfræðiþjónustu.

Grunnskólalögin kveða ekki með bindandi hætti á um skyldu sveitarfélaganna til að eiga og reka alla grunnskóla sjálf. Þau gera þvert á móti ráð fyrir sjálfstætt reknunum grunnskólum sem starfi á grundvelli viðurkenningar ráðuneytisins, samþykkis viðkomandi sveitarfélags og þjónustusamnings við það þar sem starfsemin og rammi hennar er útfærður. Heimildin er í 43. gr. grunnskólalaga.

Eftirfarandi atriði voru höfð til hliðsjónar:

1. Skólanámskrá sem er í samræmi við aðalnámskrá.
2. Mat og eftirlit með gæðum, sbr. 37. gr.
3. Fjárhagsleg samskipti aðila, svo sem dreifingu fjárframlaga og þau fjármál sem tengjast nemendum með sérþarfir.
4. Þjónustu við nemendur í samræmi við metnar sérþarfir.
5. Gildi samnings, svo sem reynslutími og uppsagnarfrestur. Um hámarkstíma samninga gilda ekki ákvæði 100. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. Hámarksfjöldi nemenda við skólann, en hann skal m.a. ákvarðaður að teknu tilliti til húsnæðis, möguleika á að skipuleggja eftirlit með skólanum og fjárhagslegs rekstraröryggis.
7. Hámarksfjöldi nemenda við skólann sem sveitarfélagi ber að greiða kostnað af, sbr. 43. gr. ,
8. Innritun nemenda og gjaldtöku af nemendum. Sveitarfélag getur sett skilyrði um hámark gjaldtöku með hliðsjón af fjárframlögum þess til skólans.
9. Fyrirkomulag skólaaksturs, ef við á.
10. Slit á þjónustusamningi og vanefndaúrræði vegna brota á samningsskyldum.

Lög um opinber innkaup nr. 84/2007 gilda ekki um þjónustusamninga sem sveitarfélög gera um einkarekna grunnskóla. Um þá samninga gilda sérlög, þ.e. lög um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Hafnarfjarðarbær kaupir grunnskólaþjónustu í samræmi við grunnskólalög með áherslu á gildandi lög. Ákvörðun um hvort og hvernig skuli samið við þriðja aðila um rekstur grunnskóla liggur hjá bæjarstjórn eftir að fræðsluráð hefur gert tillögur um það.

Í kjölfar bréfs, dagsett 16.09.2014 frá forsvarsmanni Framsýnar hófst samtal, kynningar og gagnaöflun. Á minnisblaði sviðsstjóra fræðsluþjónustu, sem dagsett er 09.01 2015, er samantekt á þeim gögnum og upplýsingum sem óskað er eftir. Auk þess sem þar kemur fram að viðurkenning ráðherra skuli liggja fyrir. Grunnskólar sem hlotið hafa slíka viðurkenningu eiga rétt á framlagi úr sveitajóði til starfsemi sinnar.

Í reglugerð nr. 699/2012 er fjallað nánar um viðurkenningu grunnskóla sem rekinn er af öðrum en sveitarfélagi og þjónustusamninga sveitarfélaga við grunnskóla. Að fenginni viðurkenningu ráðherra skal sveitarstjórn gera þjónustusamning við rekstraraðila grunnskóla. Í 3. og 4. mgr. 43. gr. grunnskólalaga og 5., 6. og 7. gr. rgj. nr. 699/2012 eru ákvæði um hvaða atriði skulu koma fram í þjónustusamningi, réttur til framlags og þá er einnig ákvæði um lágmarksgjald rekstrarframlags sveitarfélags til grunnskóla.

Ákvæði um hvaða skilyrði grunnskóli þurfi að uppfylla til að hljóta viðurkenningu ráðherra koma m.a. fram í 1. mgr. 43. gr. grunnskólalaga og 2., 3. og 4. gr. rgj. nr. 699/2012.

Um grunnskóla sem hlotið hafa viðurkenningu ráðherra gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, þar á meðal skal af hálfu skólans fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem kærnanlegar eru skv. 47. gr. grunnskóla.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu  
Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður